

# Vesturbæjarblaðið



Dreift frítt í öll hús í pósthúsum 101 og 107

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

DESEMBER 2020

12. tbl. 23. árg.

**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIÐISTORGI**  
**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að verja

**Jólahapp!**  
Jólamíðinn er kominn  
á sölustaði um allt land.  
**HAPPA PRENNAN**  
Skemmtilegt að skafa!  
**Gleðileg Jól**

**Gleðileg jól**

Þessar myndarlegu konur sátu saman með grímurnar sínar og voru að fylgjast með mannlífinu meðan þær hvíldu sig á bekk við Melabúðina á dögnum. Þær eru kunnugar í félagsstarfinu á Aflagranda 40 en gestir og íbúar hafa þar verið duglegir við að fara í göngutúra um hverfið. Myndin birtist í Vesturbæjarhópnum á Facebook en með henni viljum við minna að nú líður að jólum þótt jólahátíðin verði víða með öðrum hætti en venjulega.

**TRÍÓ**  
PIZZUR MÁNADARINS

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

- bls. 4-5  
Viðtal við  
Ástríði Guðmunds-  
dóttur fyrrverandi  
kennara í Melaskóla

**Velkomin á Grandann**  
Nú sækjum við og skilum bílnum

**AFGREIÐSLUTIMI**  
mán. - fös. kl. 8-16:30

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)

REYKJAVÍKUR APÓTEK  
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 – SKEIFUNNI 11

**Njóttu ferðalagsins**  
Stoppaðu við áður en þú heldur úr bænum

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

**Góð þjónusta - Lágt verð**

**Pegar líða fer að jólum**

**Melabúðin**  
Þín verslun

**Helgartilboð**  
Úrb. Hólsfjalla lambahangikjöt

**20% afsláttur**

**fimmtudag - sunnudags**  
16.-20. desember á meðan birgðir endast

Hreindýrakjöt, villigæsir, krónhjärtakjöt, confit, dádýrakjöt, aliendur, aligæsir, Hólsfjalla, Húsavíkur, KEA og SS hangikjöt, kalkúnar, tvíreykt sauðahangikjöt, sænsk jólaskinka, Ali hamborgarhryggir, skoskar rjúpur, paté, nautalundir, elgur, ferskar kalkúnabringur, lifrarkæfufni, hreindýrahakk, Beef Wellington, vegan Wellington, ostrur, kaviar, Hornafjarðarhumar o.fl.

Látið fagmenn okkar aðstoða við val á hátíðarmatnum - Munið að panta tímanlega!

Hagamel 39 - Sími 551-0224



# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

12. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

## Gerbreytt borg

Ef lítið er um aldarfjórðung aftur í tímann blasti við allt önnur Reykjavík en í dag. Svo miklar breytingar hafa orðið – einkum á Miðborginni og nágrenni að sum svæði eru óþekktanleg.

Árum saman voru stór borgarsvæði illa nýtt og jafnvel auð. Dæmi um það er athafnasvæði gömlu hafnarinnar. Það einkenndist af ófrágengnum malarplönum sem rauk úr á þurru dögum og voru nýtt fyrir dagbílasterði skrifstofufólks sem starfaði í Miðborginni.

Hverfisgata var í þvilkri niðurníðslu að til ólíkinda má teljast. Fyrir ofan þjóðarhúsin – Safnahúsið, leikhúsið og danska sendiráðið var við götuna samsafn af niðurníddum húsum og jafnvel brunarústum. Um 1970 var Bernhöftstorfan enn við hrun. Við Lækjarkötuna var stórt malarsár eftir húsburna sem varð fyrir mörgum árum og við hliðina hálfónýtt bankahús sem skemmt hafði í sama bruna. Fjalarkattarlóðin við Aðalstræti var í svipuðu ásigkomulagi. Sór svæði sitt hvoru megin flugvallar í Vatnsmýrinni voru ekkert nýtt. Dæmin eru fleiri.

Enn má finna óhrjále og ónýtt hús á miðborgarsvæðinu. Hús sem mörg hafa lokið hlutverki sínu en standa ef einhverjum ástæðum og eru engum til sóma.

Álög virtust á yfirvöldum borgarinnar að horfa fram hjá þeirri vannýtingu lands, niðurníðslu og jafnvel óskapnaði sem fyrir augu bar um miðja borgina. Horft var til lengri átta. Jafnvel til ystu svæða borgarmarkanna. Þar skyldi uppbyggingin verða. Þessa fásinnu gagnvart Miðborginni og nágrenni er erfitt ef ekki ómögulegt að skilja.

Áundanförnum árum hefur orðið alger viðsnúningur í uppbyggingu Miðborgarinnar. Hverfis- og Skúlagata hafa verið endurbýggðar. Einnig Borgartún og nú Kirkjusandur. Allt hafnarsvæðið vestur að Ánanaustum hefur verið tekið til nútímalegrar endurnýjunar. Í Vatnsmýrinni og við Hlíðarfóttinn hafa risið bæði íbúða- og vísindahverfi. Áfram mætti telja. Borgin er gerbreytt.

# Knatthús verður byggt á KR svæðinu

- mun gerbreyta allri aðstöðu til íþróttar

Ákveðið hefur verið að byggja fjölnota knatthús á íþróttasvæði KR í vesturbæ Reykjavíkur. Til laga að deiliskipulagi sem verið hefur til umræðu síðustu misserin gerir ráð fyrir mikilli uppbyggingu íþróttamannvirkja og íbúða á KR svæðinu. KR hefur lagt mikla áherslu á fjölnotahúsið og nú hefur borgarráð samþykkt að taka málið til umfjöllunar.

Undanfarin ár hefur KR átt í viðræðum og samstarfi við Reykjavíkurborg um uppbyggingu íþróttamannvirkja á KR svæðinu með það að markmiði að bæta aðstöðu félagsins til íþróttar- og félagsstarfs. Nú sér fyrir endann á fyrsta hluta þeirrar vinnu. Á þessu ári var ráðist í vinnu við að skilgreina og forgangsráða uppbyggingu íþróttamannvirkja á höfuðborgarsvæðinu og raðaðist fjölnota knatthús á KR svæðinu hátt í þeirri þarfagreiningu. Borgarráð samþykkti að ganga til viðræðanna við KR á grundvelli fyrri yfirlýsinga KR og borgarinnar. Ljóst er að með tilkomu nýs fjölnota knatthúss á KR svæðinu verður gerbylting í allri íþróttaaðstöðu KR inga. Snæ arkitektar og ASK arkitektar eru að vinna deiliskipulagið fyrir KR.



Meðfylgjandi mynd er klippt úr tillögu að breyttu deiliskipulagi, en ljóst er að endurskoða þarf deiliskipulagið ef ráðist verður í byggingu fjölnotahússins innan tíðar.

## Endurbýgging við Bræðraborgarstíg

Stefnt er að því að byggja 26 litlar íbúðir með garði þar sem brunarústirnar eru á Bræðraborgarstíg. Gert er ráð fyrir að reisa klasa af litlum íbúðum með mikilli sameign byggðar utan um garðinn og gæta verður þess að götumyndin er viðkvæm. Hugmyndin er að þessar íbúðir verði ætlaðar eldri borgurum og einkum konum sem eru orðnar einstæðar. Hafist er handa við að fjármagna verkefnið og hafa ýmsir aðilar þegar látið í ljós áhuga á að taka þátt.

Það er Þorpið vistfélag sem hefur fengið samþykkt kauptilboð í húsið og húsið við Bræðraborgarstíg þrjú sem stendur við hliðina á því. Kaupverðið er trúnaðarmál en það ræðst að einhverju leyti af samningum við tryggingafélagið sem standa yfir og vonast er til að unnt verði ljúka á næstu vikum. Byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar hefur sagt að brunna húsið sé hættulegt og að það gæti fokið í næstu lægð. Deilur milli fyrri eigenda og tryggingafélags hafa komið í veg fyrir það að unnt væri að hefja niðurrif og hreinsun. Eignirnar eru keyptar



Ætlunin er að byggja klasa af litlum íbúðum við Bræðraborgarstíg 1 og endurbýggja húsið við Bræðraborgarstíg 3.

Í því ástandi sem þær eru og mun kaupandinn hefja hreinsunarstarf svo fljótt sem auðið er. Ætlunin er að endurbýggja Bræðraborgarstíg þrjú í upprunalegri mynd.

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook

**FYRIRTAK**  
málningarþjónusta

TRAUST  
OG  
ÁBYRG  
ÞJÓNUSTA

[www.fyrirtak.is](http://www.fyrirtak.is) - [fyrirtak@fyrirtak.is](mailto:fyrirtak@fyrirtak.is) - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK  
OG ALLT ÞAR Á MILLI

VISA MASTRO LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



# Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



GUCCI



# Melaskólinn er einstök bygging

- segir Ástríður Guðmundsdóttir fyrrverandi kennari í Melaskóla

**Á**stríður Guðmundsdóttir kennari tengist Melaskóla með tvennum hætti. Hún var nemandi í skólanum sem barn og fullorðin ákvað hún að ljúka kennaranámi og hóf síðan störf sem kennari við gamla skólann sinn á Melunum. Undir starfslokinn starfaði hún í hlutastarfi en hætti endanlega þegar kórónaveirufaraldurinn barst til landsins. "Þá var ég farin að vinna það lítið að mér fannst ekki taka því lengur."

Ástríður er Reykvingur og Vesturbæingur í húð og hár. Faðir hennar var Guðmundur Jónsson óperusöngvari og útvarpsmaður og móðir hennar Þóra Haraldsdóttir. "Föðurforeldrar mínir bjuggu á Öldugötunni. Afi minn Jón Þorvarðsson var kaupmaður í Reykjavík og rak veiðarfæraverslun við Tryggvagötu. Halldóra Guðmundsdóttir föðuramma mín var ættuð frá Akranesi en fluttist 15 ára til Reykjavíkur. Eini angí ættar minnar utan Reykjavíkur liggur upp á Skaga. Móðir mín var hreinn Reykvingur. Foreldrar hennar voru Ástríður Einarsdóttir sem ég heiti eftir og Haraldur Þórðarson skipstjóri. Ég man þegar ég var krakki að sumum fannst ekki mikið til þess koma að vera bara Reykvingur. Að vera ekki frá einhverju héraði eða byggð út á landi. Vissulega kom fólk af landsbyggðinni til borgarinnar og kenndi sig stundum við hin fyrri heimkynni sín. En þá verðum við líka að athuga að Reykjavík er orðin nokkuð gömul. Fólk var tekið að safnast saman hér á 18. öld og jafnvel fyrr og ættir ná alveg jafn langt aftur. Foreldrar mínir kynntust á KR balli og ömmur mínar og afar bjuggu



Yngsta systkinið skirt. Frá vinstri, Þorvarður Jón, Ástríður og Halldóra í fangi stóru systur.

við Öldugötu og Hringbraut. Allt hreinn Vesturbæingur. Þetta var skemmtilegt svæði. Allir þekktu alla eða næstum því og flestir miklir KR ingar. Ég náði líka í að breiða út saltfisk sem sumarstarf. Saltfiskstæðið var efst við Kaplaskjólsveginn þar sem vinnslustöð Bæjarútgerðarinnar var á sínum tíma. Þarna fengu krakkar úr Vesturbænum oft fyrstu sumarvinnuna sína."

## Í fyrstu blokkinni við Kaplaskjólsveginn

Ástríður dvaldi tvö fyrstu ár ævinnar í Svíþjóð og síðar eitt ár í Austurríki þar sem faðir hennar var við nám. "Eftir heimkomuna fluttum við í fyrstu blokkina sem reis við Kaplaskjólsveginn – 37 til 41. Þá voru engar byggingar í kring. Þetta var rétt við

Jófríðastaði. Nokkurn veginn beint á móti KR. Þetta var eins og sveit. Næstu árin fór svæðið að byggjast. Kaplaskjólsveginn risu hver af annarri. Borgin var að teygja sig til vesturs. Ég var tvö ár í Laugnesskóla og svo hófust kynni mín af Melaskóla sem síðar átti eftir að verða starfsveitvangur minn í mörg ár. Ég er úr fjölmönnum árgangi. Alls voru tíu bekkjardeildir í mínum árgangi og þurfti að nota stóran hluta af stafrófinu til þess að greina þær í sundur. Mig minnir að ég hafi verið í J bekk. Við vorum 32 í bekknum. Ég eignaðist marga góða vini í Melaskóla og við höfum haldið sambandi alla tíð. Þegar við áttum 55 ára bekkjarafmæli fórum við í dagsferðalag á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Þá var kennarinn okkar Dagný Albertsdóttir á lífi



Ástríður með föður sínum Guðmundi Jónssyni óperusöngvara.

en hún féll frá fyrir þremur árum komin á tíraðisaldur. Við höfum orðið að fresta 60 ára afmælinu vegna kórónaveirufaraldurins. Þó er aldrei að vita nema að við efnum í eitthvað ef þessu ástandi líkur."

## Var alin upp við góðan mat

Ástríður byrjaði að kenna í Melaskóla eftir að hafa lokið kennaraprófi 1971. "Ég byrjaði þó ekki starfsferilinn þar. Ég hafði ekki ákveðið hvað ég vildi gera og starfaði sem flugfreyja hjá Loftleiðum um tíma. Það var gaman en ég vil ekki gera mikið úr því þótt það væri ákveðin reynsla. Ég ákvað svo að fara í Kennaraskólann og þaðan lá leiðin til kennslu í Melaskóla. Ég var þó ekki alveg samfleytt við kennsluna því ég starfaði í Borgarleikhúsinu frá 1989 til 1994. Ég starfaði líka við matseld einkum fyrir kvikmyndagerðarmenn. Meðal annars við kvikmyndirnar Stellu í orlofi, Karlakórinn Heklu og Kristnihald undir jökli. Þetta var svona aukavinna því kennaralaunin voru ekki það há



Ástríður Guðmundsdóttir.

að maður þurfti að vinna með kennslunni." Ástríður hefur alltaf haft gaman af að fást við matargerð. Kveðst þó ekki húsmæðraskólagenginn. "Ég slapp við það en var alin upp við góðan mat. Það var alltaf góður matur á heimilinu þegar ég var að alast upp. Ég var vön góðu og hef eflaust tekið kunnáttuna með mér að heiman. Svo les ég góðar uppskriftir og reyni að fylgjast með. Laufey Steingrimsdóttir næringarfræðingur er skólasystir



## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

### MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30







Stúlkur að breiða saltfisk til þurrkunar á athafnasvæði BÚR við Meistaravelli. Ástríður fremst til vinstri. Í miðjunni er stúlka frá Ameríku sem var í heimsókn hér á landi og fékk að grípa í vinnu með hinum krökkunum



J bekkur í Melaskóla.

mín og góð vinkona. Talsvert af fólki sem ég var með í Hagskóla hefur orðið þekkt í samfélaginu.”

**Melaskóli einstök bygging**

Ástríði er antt um gamla skólann sinn – ekki síður húsið en stofnunina. Segir að þessi fallega bygging sem var teiknuð af Einari Sveinssyni arkitekt og húsameistara Reykjavíkur á sínum tíma megi ekki drabbast niður. “Mér finnst vanta upp á að viðhaldi skólabyggingarinnar hafi verið sinnt nægilega vel á undanförunum árum. Það er gott

að spara en sparnaður má ekki verða til þess að verðmæti eins og ég tel vera í húsi Melaskólans skemmist af skorti á viðhaldi. Þegar Ingi Kristinsson var skólastjóri var hann seigur við að kreista út peninga til þess að sinna því sem ábótavant var. Mér finnst þessu ekki eins vel sinnt núna. Byggingin er sérstök og var einstaklega glæsileg þegar hún var reist og þarf að vera það áfram. Það er líka dýrt að láta hluti skemmast.” Ástríður rifjar upp að hún hafi eitt sinn hitt erlendan mann fyrir utan skólann. “Hann var að mig minnir Bandaríkjamaður, trúlega arkitekt

eða byggingafræðingur og gisti á Hótel Sögu. Ég hitti hann á rölti fyrir utan Melaskólann þar sem hann var að virða húsið fyrir sér. Hann spurði mig hvort hann gæti fengið að skoða það að innanverðu. Ég bauð honum að koma inn og ég skyldi sýna honum skólahúsið. Við gengum um allt húsið og hann virti það fyrir sér. Honum fannst þetta einstök bygging bæði að utan sem að innan. Melaskólinn má ekki drabbast niður.”

**Höfundur “Sörunnar”**

Ástríður er löngu þekkt fyrir fleira en kennslu. Hún

er höfundur “Sörunnar” smáköku sem mörgum finnst lífsnauðsynleg með kaffinu um jólin. Hvernig kom Saran til. “Þetta byrjaði þannig að ég fann uppskrift í sænsku blaði og þróaði mína smáköku út frá henni. Ég bætti meðal annars kaffidufti í kremið. Ég kenndi svo vinkonum mínum í Melaskóla að baka þessar kökur. Einhvern veginn færðist þetta manni frá manni eins og gengur. Sörunafnið er hins vegar ættað frá Danmörku. Sá kökur í dönsku blaði sem báru svipað heiti. Þannig varð Saran til.”

**Gerðu góðverk í dag**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

**Kjöt**kompaní

NAUTALUND

**WELLINGTON**

*Munio að þanta tímanlega*

VEFVERSLUN  
HEIMSENDINGAR Í BÓDI

[kjotkompani.is/jolin](http://kjotkompani.is/jolin) Hafnarfjörri & Grandá

www.kjotkompani.is 578 9700 kjotkompani@kjotkompani.is kjotkompani



Miðborgin

## Verða skrifstofurými íbúðir?




Horft yfir Miðborgina af Skólavörðuholti.

Gert er ráð fyrir að offramboð geti orðið á skrifstofuhúsnæði í Miðborg Reykjavíkur að óbreyttu. Ekki er talin þörf á öllu því skrifstofuhúsnæði sem til er eða koma mun á markaðinn innan tíðar. Hugsanlegt er að breyta skrifstofurýmum í íbúðir.

Með nýbyggingum Alþingis og Landsbankans mun mikið af skrifstofuhúsnæði losna auk þess sem ný tækni og verklag dregur úr nauðsyn á stórum skrifstofurýmum. Við flutninga Landsbankans í nýjar höfuðstöðvar við Austurhöfn mun losna allt að 21 þúsund fermetra skrifstofurými. Bankinn hyggst einnig leigja út eða selja frá sér 6.500 fermetra húsnæði. Svipaða sögu er að segja af Alþingi. Þegar þingið flytur skrifstofustarfsemi sína í væntanlega nýbyggingu mun allt það húsnæði sem það hefur á leigu í Miðborginni losna. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri lét að því liggja í blaðaviðtali nýverið að heimilt yrði að breyta skrifstofum í íbúðir. Gera má ráð fyrir að íbúðir sem kunna að verða gerðar úr skrifstofuhúsnæði geti náð vinsældum á markaði. Fyrirsjáanlegur skortur er á íbúðum á komandi árum og þarna geta komið til sögu rúmar íbúðir og með góðri lofthæð.

## 83 íbúðir á Byko-reitnum



Fjögur ný hús munu rísa á Steindórsreitnum við Hringbraut. Alls 9.184 fermetrar. Í húsunum verða 83 íbúðir. Tölvumynd/Plúsarkitektar.

Borgarráð hefur samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir svokallaðan Bykoreit er áður var kenndur við Bílastöð Steindórs þar sem gömul verkstæðishús Steindórs standa enn á lóðinni. Reiturinn var síðar kenndur við byggingavörverslun Byko sem hafði húsið á leigu til verslunarreksturs um tíma.

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja fjögur tveggja til fimm hæða fjölbýlishús á reitnum þar sem gert er ráð fyrir 83 íbúðum, atvinnurýmum á götuhlið og bílakjallara fyrir 82 bíla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa og nýlega samþykkti byggingarfulltrúi niðurrif húsanna á reitnum. Helstu breytingar frá fyrra

skipulagi eru þær að leyfum íbúðum á reitnum verður fjölgað um 14 - fara úr 70 í 84. Íbúðirnar verða í þremur húsum. Hæst verða húsin fimm hæðir næst Hringbraut. Það telst til tíðinda að samkvæmt nýju tillögunni er fallið frá fyrri hugmyndum um að hluti nýrra bygginga verði nýttar sem hótél. Því verður eingöngu íbúðabyggð á reitnum. Hótelið sem endanlega hefur verið blásið af átti að vera í fimm hæða byggingu, alls 4.300 fermetrar. Eigandi reitsins er prúnarfélagið Kaldalón. Kaldalón keypti Byko-reitinn af félaginu K. Steindórsson ehf., sem er í eigu viðskiptafélaganna Hilmar Þórs Kristinssonar og Jóhanns G. Jóhannssonar.

Árbæjarsafn

**Klassísk leikföng í jólapakkann**  
Safnbúð Árbæjarsafns  
Opíð daglega 13:00-17:00

www.borgarsafn.is



Sérvalin, vönduð og öðruvísi gjafavara, fyrir þig, heimilið og plönturnar

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996


ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





FÁLKI hálsmen



ERIKA hálsmen



KOLGA lokkar



ERIKA hálsmen



SINDUR lokkar



ERIKA hringur



ERIKA lokkar



ERIKA armband

# aurum

BY  
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík

FRÍ HEIMSENDING af [www.is.aurum.is](http://www.is.aurum.is)



# Stækkun og endurbætur á Hafnarstræti 18



Tölvugerð mynd af Hafnarstræti 18.

Hafnar eru framkvæmdir við endurbætur og stækkun á einu sögufrægasta húsi Reykjavíkur, Hafnarstræti 18. Húsið er að stofni til frá árinu 1795 en byggt hefur verið við það margt. Nú hefur verið er um leyfi til að breytinga þannig að byggja megi viðbygging á austurhlíð með svölum á þaki og sótt er um að breyta byggingarefni gólfs 1. hæðar aðalhúss í steinsteyp, borið af stálsúlum í kjallara.

Timbur og annað byggingarefni sem hefur varðveislugildi hefur verið geymt og notað í nýbyggingu sem er í sama stíl og húsið var í upp úr aldamótunum 1900. Eigandi hússins er félag í eigu Skúla Sigfússonar sem kenndur er við í Subway. Chr. A. Jacobæus kaupmaður lét flytja hús einlyft frá Keflavík árið 1795 sem sett var á lóðina og setti þar upp sölubúð og einnig íbúð. Jacobæus lét síðan flytja annað hús á lóðina frá Keflavík og reisti það rétt vestan við hitt húsið og var ekki nema örlítið bil á milli þeirra. Hann lét síðan reisa nýtt hús þvert við vesturgafinn á þessu húsi og fram með Kolasundi. Hafnarstræti var þá þegar talin heppileg verslunargata. Bryggjur bæjarins voru þar hjá og kolum m.a. skipað þar á land. Í húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur frá 2006 er saga hússins Hafnarstræti 18 rakin á lóðina frá Keflavík árið 1795. Húsið sem hann flutti var einlyft og lét hann innrétta sölubúð í öðrum endanum.

Nýr Skerjafjörður

# Athugasemdir til umfjöllunar í borgarkerfinu



Tölvumynd af nýrri íbúðabyggð í Skerjafirði vestan Reykjavíkurflugvallar.

Skipulag fyrsta áfanga nýbygginga í Skerjafirði gerir ráð fyrir uppbyggingu um 670 íbúða. Einnig leikskóla, grunnskóla, bílageymslúhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum.

Samgöngutengingar við hverfið verða frá Einarsnesi í vestri og um nýja vegtengingu í austri sem nær suður fyrir Reykjavíkurflugvöll. Austari vegtenging er einungis ætluð almenningsamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum, og tengist inn á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog.

Athugasemdafrestur rann út nú í nóvember og eru þær nú til umfjöllunar í borgarkerfinu. Höfundar deiliskipulags eru ASK arkitektar, Landslag og Efla verkfræðistofa.

Í umfjöllun Vesturbæjarblaðsins í nóvember var greint frá athugasemdum sem borist hafa vegna auglýsingar deiliskipulags fyrsta áfanga Nýs Skerjafjarðar. Fyrir mistök var birt röng mynd af tillögunni með greininni og er rétt mynd birt hér að ofan.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Iris, Alexandra og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12  
iris@salonnes.is | www.salonnes.is



JÓLATILBOÐ  
2.990 kr ❄️

# Dekraðu augun



Augnhvílan getur minnkað þreytu í augum, hvarmabólgu og haft jákvæð áhrif á augnþurrk, vogris, rósroða í hvörmum/augnlokum og vanstarfsemi í fitukirtlum.

Augnhvílan er auðveld í notkun, hún er einfaldlega hituð í 30 sekúndur í örbylgjuofni og lögð yfir augun í 10 mínútur.

Eyesland gleraugnaverslun · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð  
sími 510 0110 · www.eyesland.is





# Gleðileg jól

og farsælt komandi ár



Sérhæfð  
lögfræðipjónusta  
við búsetuskipti  
með áherslu á 60+

Elín Sigrún,  
lögmaður,  
[www.buumvel.is](http://www.buumvel.is)  
sími 783 8600  
elin@buumvel.is



## Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upp-hæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið á [landsbankinn.is/gjafakort](http://landsbankinn.is/gjafakort).





## Landsspítalinn hlaut loftslagsverðlaunin



Páll Matthíasson forstjóri Landsspítalans tekur við viðurkenningunni frá Degi B. Eggertssyni borgastjóra.

Landsspítalinn hlaut loftslagsviðurkenning Festu og Reykjavíkurborgar að þessu sinni en hún var veitt í fjórða sinn. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á því sem vel er gert í loftslagsmálum og vera hvatning til annarra. Við matið var horft til ýmissa þátta, einkum til þess árangurs sem þegar hefur náðst við að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.

Í rökstuðningi dómnefndar segir að eitt meginmarkmið Landspítala var að draga úr losun um 40% fyrir árslok 2020 miðað við losun ársins 2015. Aðgerðir spítalans hafa sýnt góðan árangur en á milli 2018 og 2019 var samdráttur í losun rúm 17% og spár sýna að markmið þeirra um 40% samdrátt í losun fyrir lok ársins 2020 muni nást. Settur var upp búnaður til að eyða glaðlofti. Þá hefur notkun á olíukatli til orkuframleiðslu verið hætt og rafmagn er nú notað í staðinn. Þessar tvær aðgerðir munu minnka losun CO2 ígilda spítalans sem svarar til rúmunum 1000 tonnum á ári. Samgöngusamningar við starfsfólk hafa leitt til þess að fjölmargir nýta sér nú vistvæna ferðamáta. Aðstaða hjólræiðafólks var stórbætt við starfsstöðvar og í ár fór spítalinn í samstarf með Strætó um niðurgreiðslu árskorta og hefur virkum árskortum fjölgað úr 130 í 540 á einu ári.

*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.*

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

# Mörg vanrækt hús á miðborgarasvæðinu

- skapa hættu og eru lítt til þrífnaðar

Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur telja að hætta stafi af tugum húsa á Miðborgarasvæðinu sem staðið hafa auð og vanrækt um lengri tíma – jafnvel svo áratugum skipti. Samtökin hafa skorðað á byggingafulltrúa, heilbrigðiseftirlit, borgarfulltrúa og þingmenn að haga því þannig að húseigendur komist ekki upp með að láta hús sín standa auð og vanrækt um langa hríð. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem samtökin sendu fjölmiðlum fyrir nokkru.

Í yfirlýsingu segir að í miðborg Reykjavíkur séu tugir húsa sem ekki eru nýtt og hafa sum þeirra staðið auð og vanrækt í áratugi. Ástand margra þessara húsa er með þeim hætti að af þeim stafar hættu, umhverfi þeirra subbulegt og óheilsusamlegt og ítrekað hafi kviknað í sumum þeirra sem sett hafi sett nærliggjandi byggð í hættu. Íbúasamtökin genda á að ástæður fyrir vanrækslu eigna þessara húsa séu eflaust margvíslegar en núverandi ástand sé óþolandi fyrir nágretta þessara yfirgefna húsa. Þau nýtist engan veginn til íbúðar eða fyrir atvinnustarfsemi. Sum þeirra séu aldursfriðuð. Stjórn íbúasamtaka Miðborgarinnar hefur skorað á borgaryfirvöld og heilbrigðisyfirvöld að nota þau verkfæri sem embættin hafa til að koma í veg fyrir þetta háttalag og á borgarfulltrúa og á þingmenn Reykjavíkur norður að beita sér fyrir því að lög og reglugerðir verði gerðar svo skýrar að húseigendur komist ekki upp með að láta hús sín standa auð og



Steinbærinn við Klapparstíg 19 var byggður 1879 og nýtur því aldursfriðunar. Hann myndi af þeim sökum ekki fást fjarlægður auk þess sem gömlu steinbæirnir njóta sérstakrar athygli húsfríðunarinnar. Það breytir þó engu um að þessi hús þarfnast viðhalds eigi þau að sóma sér sem sögulegar minjar..

vanrækt um langa hríð.

Þá láta samtökin einnig fylgja greinargerð með tilkynningunni, þar sem fram kemur að stjórn samtakanna hafi á undanföllum fundum rætt talsvert ástand nokkurra húsa í miðborginni „sem teljast verður ámælisvert vegna vanhírðu“.

### Glæsihýsi óíbúðarhæft eftir tíð eigendaskipti

Í greinargerðinni er að finna fjölmörg dæmi um hús sem staðið hafa auð í langan tíma, þar á meðal eru timburhús að Þórsstötu 3 sem byggt var snemma á síðustu öld og steinbærinn að Klapparstíg 19 sem byggður var 1879 og er sá ein sinnar tegundar sem eftir er í Skuggahverfi.

Einnig er sérstaklega fjallað um Esjuberg, húsið að Þingholtsstræti 29a sem upphaflega hét Villa Frieda. Það var byggt 1916 og er friðað. Húsið sést á myndinni efst í fréttinni.

„Í þessu húsi var Borgarbókasafnið til húsa um árabil en þegar það flutti í Tryggvagötuna um aldamótin keypti ungur

athafnamaður húsið til að stofna í því frumkvöðlasetur fyrir ungt fólk. Lítið varð úr þeim fyrirætlunum og keypti norskur málari húsið og bjó í því til 2008. Þá keypti athafnakona Esjuberg og hóf strax að byggja við það og breyta því að innan en lauk aldrei framkvæmdum og árið 2013 komst það í eigu fjárfestingarfélags. Síðan hefur harla lítið gerst og er þetta fallega og sögufræga hús nú óíbúðarhæft,“ segir í greinargerð samtakanna.

Þá er að finna í greinargerðinni hús við Veghúsastíg 1, Vatnsstíg 4, Laugaveg 33A, Óðinsgötu 14 a og b, Njarðargötu 35 auk fleiri húsa. Greinargerðina ásamt myndum af húsunum má nálgast í tengdum skjölum neðst í fréttinni.

„Stjórn íbúasamtakanna skorar á borgaryfirvöld að ganga í þetta mál sem allra fyrst og beita þeim úrræðum sem lög heimila til lausnar á þessu vandamáli. Ekki nóg með að ástand umræddra húsa sé til mikilla lýta heldur fylgir þeim hættu fyrir nágretta þar á meðal brunahætta,“ segja samtökin.

## PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

**TÖLVULAND**

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



**ÍSLANDS**

LAUGAVEGI 46

**APÓTEK**

S: 414 4646

### OPNUNAR-TÍMAR:

Virka daga  
11.30-18.00

Laugardaga  
10.00-16.00

Sunnudaga  
Lokað

Opnunartímin hefur breyst tímabundið!



**Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.**

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jól og farsældar á komandi ári





# SÆLKERAVÖRUR

## Hátíðargóðgæti Ostabúðarinnar

**Bjóðum upp á úrval af forréttum og lystaukum framleiddum af Jóa í Ostabúðinni:**

Heitreykta gæsabringu, villibráðarpaté, sveitapaté, gæsalifraterne, þúrtvínshrært ribsberjagel, heitreyktan grafinn lax, graflaxsósu, lauk chutney, franska súkkulaðiköku, rjómaosta o.fl. o.fl.

Velkomin í jóla Gullvagninn eða litlu sælkerabúðina á **Grandanum Fiskislóð 26**. Afgreiðslutíma má sjá á [ostabudin.is](http://ostabudin.is)

**Opið Fyrir pantanir:**

Nú er tíminn til að panta osta- og sælkeravörur fyrir hátíðina. Fyrir handvalið úrvals góðgæti velur þú sælkeravöru gjafapoka, körfu eða umhverfisvæna öskju, allt eftir þínum óskum.

*Osta  
búðin*

Sjáið úrvalið á [ostabudin.is](http://ostabudin.is)  
Upplýsingar um afgreiðslutíma og pantanir í síma 562 2772.



# Af fólki er fór utan leiðar í Vesturbæ og víðar

**N**eðst við Vesturgötuna á horni Aðalstrætis og Vesturgötu og upp að Garðastræti og einnig inn í Suðurgötu bjó um aldamótin 1900 fólk sem sumt hvert gekk nokkuð utan alfaraleiðar. Var eftirtektafvert fyrir ýmissa hluta sakir. Framkomu, klæðaburð og öðru sem daglegu líferni horfir. Oft átti þetta fólk við einhverskonar veikindi að stríða sem almenningur bar takmarkað skynbragð á. Þetta fólk vakti athygli. Stundum fundu rithöfundar og listamenn í því fyrirmyndir til verka sinna.

Þegar Halldór Laxness skrifaði Brekkukotsannál mun hann hafa horft til fólks sem bjó þar sem nú er neðsti hluti Suðurgötu og tengdist einnig neðsta hluta Vesturgötunnar. Magnús í Melkoti er talin fyrirmynd að Birni í Brekkukoti en kona hans var ömmusystir Halldórs. Melkots er ekki getið í heimildum frá 1703 en finna má fyrstu heimildir um það á síðari hluta 18. aldar. Melkot var rífið árið 1915 og mun hafa verið búið þar í um 200 ár.

## Kaptein Hogesen

Að minnsta kosti ein önnur persóna í Brekkukotsannál mun eiga upptök sín neðst í gamla Vesturbænum á svæðinu á milli Hlíðarhúsa og Aðalstrætis. Í Dúkkoti var til húsa eldri maður hjá Jóni hafnsögumanni sem þar bjó. Að sögn hávaxinn en nokkuð lotinn í herðum með sítt grátt hár og gisið kragaskegg. Utlit hans vakti athygli því hann var jafnan klæddur hálfslíðum klæðisfrakka en ekki vaðmálsflík eins og algengast var með gylltum hnöppum. Var nokkuð keikur í göngulagi og ljóst að hann fann talsvél til sín. Þessi roskni maður kallaði sig jafnan Hogesen en hét Kristján Hákonarson. Hann kvaðst hafa fengið Hogesensnafnið og frakkann hjá útendum skipstjóra vegna starfs síns sem hafnsögumaður við að koma skipi hans heilu í höfn. Kristján mun jafnan hafa verið drjúgur yfir þessu afreki þótt óvíst megji telja að hann hafði unnið til þess á nokkurn hátt. Fremur var talið að erlendir menn hefði gefið honum frakkann og uppfénd hann á dönsku til að draga dár að honum. Fullvíst er talið að Kristján sé fyrirmynd Halldórs Laxness að Kaptein Hogesen í Brekkukotsannál. Í skáldlegum

meðförum Laxness hafði Hogesen hlotið nokkra upphéð. Hann hafði verið leiðsögumaður danskra sjómælingamanna á Breiðafirði stað þangað sem hann hafði trúlega aldrei komið. Í Brekkukotsannál er einnig sagt frá því að Hogesen hafi farið á hverjum nýársdegi upp í Næpu á fund landshöfðingja til að fara með bænaskrá fyrir Íslands hönd og þiggja staup af brennivíni. Landshöfðingi á þá að hafa sagt við hann að hann væri nú eini íslenski sjóherinn.

## Eiríkur frá Brúnum

Fleiri kynlegir kvistir bjuggu á þessum slóðum. Einn þeirra var Eiríkur Ólafsson oftast kallaður Eiríkur frá Brúnum. Hann bjó að Brúnum undir Eyjafjöllum í 23 ár en fór þá til Kaupmannahafnar. Eiríkur fór síðan til Utah í Bandaríkjunum árið 1881 og dvaldi þar í átta ár. Gerðist mormóni en gekk síðan af trúnni. Kom heim og dvaldist í Reykjavík til aldamótaársins 1900 er hann lést. Eiríkur er fyrirmynd Halldórs Laxness að Steinari í Hlíðum undir Steinhlíðum í bókinni Paradísarheimt. Þórbergur Þórðarson fjallaði einnig um ævi Eiríks í kaflanum Bókfell aldanna. Eiríkur hafði einu sinni verið íbúi í Bergshúsi. Bergshús var aðeins ofar í reykvísku byggðinni. Það stóð þar sem Bergstaðastræti og Skólavörðustígur mætast. Alexíus Árnason lögregluþjónn reisti húsið í kringum 1865 en það var lengst kennt við Berg Þorleifsson söðlasmið sem átti það í næstum hálföld. Þar var Þórbergur leigjandi um tíma og mun hafa kynnst Eiríki.

## Ástarsorgin mikla

Fyrir daga vatnsveitu í Reykjavík var hópur sem nefndist vatnsberar. Þeir höfðu þann starfa að sækja vatn í svokallaða vatnspósta sem settir höfðu verið upp við brunna. Einn þeirra var nefndur Ingólfsbrunnur við Aðalstræti. Ingólfsbrunnur var á milli húsanna Aðalstrætis 7 og 9 og var eitt aðalvatnsból Reykjavíkur um langt skeið. Í liði vatnsberanna var margt sérkennilegt fólk karlar og konur. Sumt af þessu fólki var bæði vanheilt og þroskaskert og hafði ýmsa kæki, sem gerði það öðruvísi en aðra. Flestir vatnsberarnir voru nefndir styttnum nöfnum og án föðurnafns, en höfðu í þess stað auknefni eða kenningarnöfn. Sæfinnur Hannesson eða Sæfinnur með sextán skó var einn þeirra þekktastur. Sæfinnur fæddist að Björk í Flóa hinn 1. júní 1826 og var fyrsta barn hjónanna Guðlaugar Sæfinsdóttur og Hannesar Guðmundssonar. Hann ólst upp í föðuruhúsum til 18 ára aldurs. Sæfinnur var sagður hafa verið venjulegur unglingur, vel gefinn og myndarlegur. Hvað svo gerðist veit ef til vill enginn.



Læknanemar við líkskurð um 1890. Myndin er trúlega erlend en oft var fjór þegar þeir söfnuðust saman til að krukka í lík og veigar voru hafðar um hönd.



Melkot sem talin er fyrirmynd að Brekkukoti Halldórs Laxness.



Séð til norðurs frá Tjörninni á dögum vatnsberanna. Dómkirkjan, Lærði skólinn nú MR og stjórnarráðshúsið eru á sínum stað. Dómkirkjan í Reykjavík var vígð árið 1796 og var fyrsta byggingin sem reist var sérstaklega með tilliti til þess að Reykjavík skyldi verða höfuðstaður landsins.

Sagan segir að stóra ástin í lífi hans hafi svikið hann í tryggðum. Sæfinnur gat ekki horft í augu við staðreyndir og beið þess allt sitt líf að hún kæmi til baka. Hann fór til Reykjavíkur. Stundaði vatnsburð

og safnaði að sér nokkru drasli. Viðurnefnið fékk hann af því að hann klæddist oft flíkun utan yfir aðrar flíkur og skó utan yfir skó. Sæfinnur bjó í útihúsi við Glasgow-verslunina þangað sem

hann dró að ýmsa muni. Hann vildi vera viðbúinn ef ástin hans kæmi til baka og búa henni heimili. Þegar Þórður Guðmundsson frá Engey keypti húsið vildi hann koma Sæfinni burt enda þótti lítil þrífnaður af vatnsberanum og slæman þef leggja frá vistarveru hans. Sæfinnur þráaðist við og fór svo að lokum að Þórður kærði hann fyrir Halldóri Daníelssyni bæjarfógeta. Halldór fékk nokkra menn til að rífa niður ruslahauginn í klefa Sæfins og flytja bústang hans niður í sjó. Hann brotnaði endanlega þegar fleti hans og eigum var hent í nærliggjandi fjöru 10. júlí 1890. Eftir það sást til hans í fjörunni við að reyna að tína saman leifar af dóti sínu enn með hugann við að unnustan myndi koma til hans. Sæfinnur lést árið 1896.

## Loff Malakoff

Þórður Árnason var einn af þeim kynlegu kvistum sem héldu til á mörkum Mið- og Vesturbæjarins. Hann var jafnan auðkenndur með heitinu Almala. Margar sögur gengu manna á meðal um afreksverk hans á blómaskeiði ævinnar. Hann var nokkuð ölkær og tíður gestur í þeirri veitingastofu gömlu húsanna við Aðalstræti sem almenningur kallaði Svínastíu. Hugmyndir um vínbann á Íslandi mun eiga rætur til drykkjusiða landans á þessari alræmdu krá. Árið 1904 ákvað bæjarstjórnin í Reykjavík að Læknaskólinn fengi að nota lík fátæklinga í bænnum til krufninga í kennslu. Vandræði urðu þó fljótt að fá lík til krufningar. Fólk vildi ekki leyfa læknávisindunum að krukka í ástvinu sína látna. Læknar gerðu þá samning við Þórð um að þeir fengju að kryfja hann að honum látnum í staðinn fyrir brennivínsflösku. Dag nokkurn fréttist af Þórði dauðum í verslun í bænnum. Læknar þustu niður eftir til að sækja hann. En þá reis hann upp. Hafði bara verið brennivínsdauður. Þá orti Björn M. Ólsen síðar rektor Menntaskólans kvæðið Loff Malakoff. Þórður dó 1897 og var krufinn í líkhúsinu. Fyrsta erindi kvæðis Björns er á þessa leið.

*Þótt deyi aðrir dánumenn,  
loff-Malakoff,  
hann Þórður gamli þraukar enn.  
Loff Malakoff - mala,  
lífir enn hann Malakoff  
þótt læknar vilji flensa' í  
Malakoff, koff, koff  
Þá lífir Malakoff,  
þá lífir Malakoff.*

Kvæðið varð eins konar dægurlagavísa. Auknefni Þórðar breyttist í munnlika manna. Hann síðan nefndur: Þórður Malakoff. Kvæðið er með sama lagi og danska skopvísan: „Malabrock er död í Krigen“. Mun Malabrock þessi hafa verið pólskur eða rússneskur herforingi. Sagan segir að læknanemar hafi verið hátt á aðra viku að fást við skrokkin af Þórði. Vínföng munu hafa verið borin upp í Líkhús og læknanemar héldu ræður yfir líkamspörtunum á allt að sjö tungumálum. Ingólfur Gíslason læknir segir í minningum sínum. „Við Jónas Kristjánsson kistulögðum svo leifar Þórðar Malakoff og vonum að hann risi upp heill á himnum þótt hann væri nokkuð laus í böndunum er við sáum hann síðast.“

**HJÁLPARSÍMI  
RAUÐA KROSSINS**

**1717**



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á simreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

**Rauði kross Íslands**





Sæfinnur með sextán skó. Þekktastur vatnsberanna og bugaður af ástarsorg.

Rómanir í Reykjavík

Fólk af erlendum uppruna er ekki nýlunda hér á landi. Við Hlíðarhúsastíginn sem er neðsti hluti Vesturgötu var eitt af allra hrörlegustu kotunum í Vesturbænum og hét Helluland. Í þessu hreysi átti heima kona sem var kölluð Rómánía. Ekki er vitað til að hún hafi átt eiginmann eða börn. Hún var sögð nokkuð gild, lág vexti, dálítið lotin í herðum og með mikið hrafnsvert hár sem hélt litnum þrátt fyrir aldurrinn. Augun voru móbrún og tinnuhvöss, og eins og gneistaði af þeim ef hún skipti skapi. Andlitið var kringluleitt og smáhrúkkótt. Andlitslitur hennar var gulbrúnn. Hún gat tæpast verið af norrænu bergi brotin. Hún þótti skaphörð og óvæginn í orðum og athöfnum. Margir trúðu því að Rómánía væri göldrótt og að bölbænjir hennar yrðu að áhrinsordum. Á þessum tíma kom önnur kona við og við í bæinn. Hún var kölluð Manga dauðablóð. Hún mun hafa verið á fimmtugsaldri með tinnusvert hár og skolbrúnt andlit. Ónorræn að útliti. Manga var í meðallagi á vöxt, beinvaxin og bar höfuðið hátt. Hún var skartgjörn. Hafði mikið dálæti á skærum litum, og notaði því marglitan höfuðklút, grænt slífsi



Vatnsberar í Reykjavík um aldamótin 1900. Vera má að þarna fari Gvendur Vísir og Álfrún vatnskerling. Sérkennilegt par eða ekki par.

og rauða svuntu. Hún mun hafa átt einhverja kunningja í bænum, sem hún heimsótti, því að aldrei snikti hún í húsum eða á götum úti. Af lýsingum á þessum konum má draga þá ályktun að þær hafi verið af ættum rómafólks sem stundum hefur verið kallað sígaunar hér á landi. Rómanir hafa verið flökkubjóð. Trúlega hafa menn af ættum rómana komið hingað til lands – hugsanlega með frönskum fiskiskipum og náð að kasta sæði í fróan veg á meðan skipin lágu við festu.

Gvendur Vísir og Álfrún vatnskerling

Í næstvestasta Hlíðarhúsabænum sem var kallaður Sund þjuggu saman Gvendur Vísir og Álfrún vatnskerling. Vísir nafnið fékk Guðmundur vegna þess að hann var um tíma aðstoðarmaður hjá Skotfélagi Reykjavíkur. Hann þótti seinclatur og lítt vinnugefinn. Álfrún var grannholda og fremur lág vexti, kvik á fæti og hin mesta áhugamanneskja í starfi sínu. Hún stundaði vatnsburð frá Prentsmiðjupóstinum til margra heimila í Miðbænum og Grjótaborpinu. Hún naut stundum aðstoðar Guðmundar þegar annasamt var. Gekk oftast á undan honum og leit oft við til þess að hvetja hann áfram. Hún kunnir illa seinangangi hans. Ekki er vitað

hvert sambúðarform þeirra var en ekki voru það eintóm ástarorð sem hún talaði til Guðmundar. Þau dugðu þó illa því að maðurinn var hinn mesti letingi.

Símon Dalaskáld

Ýmsir fleiri sérlundaðir einstaklingar áttu sér dvalarstað á þessum slóðum um lengri eða skemmri tíma. Einn þeirra var Símon Bjarnason. Hann tók sér snemma kenningarnafnið Dalaskáld og kenndi sig við Skagafjarðardali. Hann var fæddur 1844 í Blönduhlíð og lifði til 1916. Símon var elstur af 13 systkinum. Hann fór að heiman fljótlega eftir fermingu og var í vinnumennsku í Skagafjarðardölum. Hann giftist og átti börn sem öll dóu ung nema eitt. Hann fékkst um tíma við búhokur en var þó mest í ferðalögum. Hann fór um allt land og seldi ritverk sín og fleira. Hann var ekki umrenningur eða betlari. Miklu fremur skemmtikraftur sem ferðaðist um og stytta fólki stundir. Hann hafði ekki fastan gistingarstað í Reykjavík en átti þó víða innhlaup hjá fornum kunningjum, eftir því sem honum sjálfum sagðist frá. Margar sögur eru til af Símoni. Ein er sú að eitt sinn mun hann hafa komið að morgni dags í Landsprentsmiðjuna við Aðalstræti þræl timbraður. Hann sagðist hafa skotist inn í



Símon Dalaskáld svaraði yfirleitt fyrir sig þegar á hann var deilt. Hann freistast meira að segja til að svara eigin andlátsfregn.

hlöðuna hjá blessuninni honum séra Þórhalli í Laufási. Oft minnst hann á góðan viðurgerning við sig á Laufásheimilinu. Þennan morgunn þótti prentsmiðjumönnum Símon vera með einkennilegan trefil um hálsinn og spurðu hann hvar hann hefði fengið hann. Sagðist hann hafa gripið hann einhvers staðar þar sem hann hefði komið um kvöldið því að sér hefði verið orðið kalt. Rakti hann svo þetta af hálsinum og kom þá í ljós að það voru kvenbuxur úr rauðu flúneli. Kveðskapur Símonar fór fyrir brjóstið á sumum. "Landhreisun mikil má það teljast í bókmenntum vorum, ef að það er sönn fregn, er oss hefir munnlega borizt, að ið alræmda leirskáld Símon Bjarnarson, er kallaði sig sjálfur „Dala-skáld,“ sé látinn.“ Á þessum orðum hóf Jón Ólafsson ritstjóri dánarfregn sem hann birti í blaði

sínu Skuld þann 1. nóvember 1877. Þess má geta að Símon var um þrjú og snarlifandi þegar þessu orð voru rituð. Ritháttur sem þessi varð ekki til með samfélagsmiðlum nútímans.

Svo tóku vistheimilin við

Hér er aðeins minnst á fáa af því sérkennilega fólki sem tengdist horninu á mótum Aðalstrætis og Vesturgötu með einhverju móti. Þetta sýnir að sumt fólk hefur alltaf haft tilhneigingu af ýmsum ástæðum til þess að fara utan alfaraleiðar. Þegar byggðin tók á sig meira borgarform þótti ýmsum nauðsynlegt að fjarlægja þetta fólk úr húsaskrifum og af götum. Þá hófst saga vistheimilanna sem enn þann dag í dag eru að berast fregnir af hvernig farið var með fólk. Ef til vill leið því ekkert verr frjálsu á ráfi um götur bæjarins.

Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi  
s. 551 1266 | utfor@utfor.is  
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM  
ALLAN SÓLARHRINGINN

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára  
ábyrgð

Vandaðir  
krossar á leiði!

JS LJÓSA SMÍÐJAN  
VELAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVELAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

JS Watch co.  
REYKJAVÍK

Gefðu tíma um jólin

GILBERT  
ÚRSMIÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is

Spilavinir

OPÍÐ allan SÓLARHRINGINN  
Í VEFVERSLUN SPILAVINA

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsunum í Skeifunni) • www.spilavinir.is



# Samfélagshúsið á Aflagranda á aðventunni

Síðastliðnar vikur hefur félagsstarf legið niðri vegna samkomutakmarkanna en við höfum haft Samfélagshúsið okkar opið fyrir gesti að koma í kaffisopa og spjall. Höfum við átt saman einstaklega notalegar stundir og hefur hér allt milli himins og jarðar verið rætt. Við däumst að fólkinu okkar sem tekur ástandinu með mestu ró og höfum við verið einstaklega heppin með veðrið að mestu leiti og hafa gestir okkar og íbúar á Aflagranda 40 verið dugleg við að skella sér í göngutúra um hverfið og stoppa svo við í kaffisopa.

Við verðum nú að minnast á nokkrar vinkonur okkar sem birtist svo skemmtileg mynd af þeim stöllum saman á bekk við Melabúðina. Sátu þær þar með grímuna að fylgjast með mannlífínu meðan þær tóku sér hvíldarpásu. Birtist myndin fyrst í Vesturbæjarhópnunum á Facebook og svo í Morgunblaðinu.


Við hvetjum fólk til að fylgjast með facebooksíðunni okkar „Samfélagshúsið Aflagranda 40“ en þar auglýsum við rafræna viðburði sem í boði eru á



Kaffisopinn á Aflagranda svikur engan og samræður geta orðið fjörukar.

aðventunni enda af nógu að taka. Ef fólk er í vandræðum með snjalltækin sín geta þau komið til okkar og fengið aðstoð. Nú leggjum við mesta áherslu á að eiga saman notalegar stundir á aðventunni svo endilega kíkið til okkar í kaffi eða heitt súkkulaði og jólasnákökur. Við förum eftir

sóttvarnarreglum og pössum uppá fjarlægðarmörk. Einnig er vert að minnast á að grímuskylda er í húsinu. Hafið það sem allra best og ekki hika við að hafa samband ef ykkur liggur eitthvað á hjarta.



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

## Afgreiðslutími um jólin:

24. desember, Aðfangadagur	09.00 - 17.00
25. desember, Jóladagur	12.00 - 17.00
26. desember, Annar í jólum	10.00 - 22.00
31. desember, Gamlársdagur	09.00 - 17.00
1. janúar, Nýársdagur	12.00 - 17.00

**PÉTURSBÚÐ**  
Ránargötu 15

## SKYLDUEIGN MATGÆÐINGA



SALKA  
www.salka.is

Laugarnar í Reykjavík

# Velkomin aftur

Höldum bilinu og sýnum  
hvert öðru tillitssemi

2m





# Helgihald um jól og áramót í Vesturbænum og miðborginni



## Neskirkja

### 4. sunnudagur í aðventu, 20. desember:

Aðventuraleikur fyrir fjölskylduna umhverfis Neskirkju kl. 11-16. Viðurkenning fyrir réttar lausnir veitt í safnaðarheimilinu. Nánari upplýsingar á vef kirkjunnar.

### Jóladagatal:

Neskirkja sendir út jóladagatal á fésbókarsíðu kirkjunnar alla aðventuna. Þetta eru stuttar hugvekjur í tali og tónum.

### Barnastarf:

Sunnudaga á aðventu eru fjölskyldustundir sniðnar fyrir yngstu kynslóðina sendar út á vef kirkjunnar og fésbók. Þetta er samstarf nokkurra kirkna í Reykjavík.

Neskirkja er opin alla daga frá 10-13 og um helgar kl. 11-12.

Jólin verða hringd inn kl. 18 á aðfangadag og á jóladag verður kirkjan opin kl. 14-15 fyrir kyrrð og íhugun.

Starfsfólk kirkjunnar og sóknarnefnd óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og hlakka til samfunda með hækkandi sól.

Þér gjöri' eg ei rúm með grjót né tré,  
gjarnan læt ég hitt í té,  
vil ég mitt hjartað vaggan sé,  
vertu nú hér, minn kæri.

Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

(Einar Sigurðssonar)



## Dómkirkjan

Aftansöng í Dómkirkjunni á aðfangadag kl. 18:00 verður útvarpað á Rás 1 líkt og verið hefur frá upphafi útvarps á Íslandi.

Nýársdag kl. 11:00 predikar biskup við hátíðarguðspjónustu í Dómkirkjunni og verður henni útvarpað beint.

Vinsamlegast athugið að vegna samkomutakmarkana er ekki rúm fyrir almenna kirkjugesti við þessar guðspjónustur.

Kór og annað starfsfólk fyllir uppi þann fjölda sem leyfilegur er.

Alla þriðjudaga kl. 12:00 eru bænastundir í Dómkirkjunni og er þar öllum heimill aðgangur meðan samkomutakmörkunum er ekki ofboðið.

Dómkirkjan er opin alla virka daga frá kl. 10-14.

Prestar og annað starfsfólk Dómkirkjunnar óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og minnir á vonarríkan boðskap Jesaja spámanns:

„Sú þjóð, sem í myrkri gengur sér mikið ljós.“

Erfiðleikarnir ganga yfir og það mun birta til.



## Hallgrímskirkja

Aftansöng og helgistund í Hallgrímskirkju á aðfangadagskvöldi verður streymt og miðlað í sjónvarpi. Sjá nánar á [hallgrimskirkja.is](http://hallgrimskirkja.is)

Notalegar rafrænar fjölskyldustundir birtast alla sunnudaga á aðventunni. Barnakórsöngur, jólaföndur, biblíusögur og fleira.

### 4. sunnudagur í aðventu 20. desember:

Aðventuraleikur fyrir fjölskyldur frá kl. 11-16. Átta stöðvar verða í umhverfi Hallgrímskirkju.

### Gamlársdagur kl. 18:00:

Guðspjónustu á gamlárskvöldi verður útvarpað á RÚV kl. 18.

Virka daga, mánudaga-föstudaga, og sunnudaga verða bænastundir í Hallgrímskirkju kl. 12.

Hallgrímskirkja er opin alla daga frá 11-15.

Prestar og starfsfólk Hallgrímskirkju óska öllum gleðilegra jóla með jólafréttinni góðu:

„Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla, hann skal nefndur: Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi.“



## HÁTÍÐ LJÓSS & FRÍÐAR



Fegursta jógvörúvalið. Þú finnur það í Systrasamlaginu. Asanas, Yóloha, Manduka.



Ómótstæðilegir samfestingar og allskonar lífrænn kosý fatnaður.

Mandörlur & möntruskrat. Mikið úrval. Vinalegasta fallega gjöfin.



**NÝTT!** Límir með Kjarnaolíum & kristóllum. Gefur gott "væb" inn í nýtt ár.

ATH. Lengri afgreiðslutími í desember. Upplýsingar á facebook/systrasamlagid



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

Listasafn Reykjavíkur

# Hreyfiafl hugmynda – mótorinn í miðborginni

Fyrir 20 árum voru tekin stór skref í íslenskum myndlistarheimi með opnun Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Gamla vörugymsluhúsinu við höfnina í Reykjavík var breytt í glæsilegt listasafn af arkitektastofunni Studio Granda. Stórar hugmyndir tóku flugið, Erró eignaðist samastað og hugmyndir samtímalistamanna fengu nýja vængi við áður óþekktar aðstæður í reykvísku samhengi. Ný tækifæri sköpuðust til að kynna fjölbreytileika myndlistar og borgarmenningu teygði sig í átt að hafnarvæðinu. Hér var stigið fyrsta skrefið í þá átt að glæða hafnarvæðið nýju lífi en þar hefur á síðustu árum verið iðandi mannlíf. Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi er því ekki lengur landnemi á jaðrinum heldur hreyfiafl í hjarta miðborgarinnar.

Við opnun safnsins opnuðust nýir möguleikar fyrir Reykvíkinga og gesti þeirra til að upplifa fjölbreytta myndlist í áhrifaríku umhverfi en áhrif starfsmanna hafa náð langt út fyrir vegg Hafnarhúss og til listamanna og skapandi einstaklinga þar sem tækifæri og áskoranir urðu fjölbreyttari. Sýningarsölunum sem safnið hafði til afnota fjölgaði með áður óþekktum möguleikum á margvíslegum sýningum og spennandi umgjörð fyrir sköpunarverk listamanna. Kveikjan að safninu í Hafnarhúsi var listaverkagjöf Errós til Reykjavíkurborgar og eru verk hans að jafnaði aðgengileg í húsinu. Tilkoma Hafnarhúss hafði líka áhrif á tækifæri Listasafns Reykjavíkur til að sýna önnur verk úr safneigninni og til dæmis skapaðist tækifæri til að hafa verk Kjarvals ætíð aðgengileg á Kjarvalsstöðum. Svo hafði ekki verið áður þar sem Kjarvalsstaðir höfðu fram að því verið í mjög stóru hlutverki sem sýningarstaður lifandi listamanna. Þannig er því vissulega enn háttáð en nú er Kjarval þar í mikilvægu hlutverki og sýningar sem tengja sögu og samtíma myndlistarinnar setja svip



Dodda Maggý, Erró og Ólöf Kristín Sigurðardóttir. Myndin er tekin þegar Dodda Maggý veitti Guðmunduverðlaunum viðtöku. Erró stofnaði Listasjóð Guðmundu til minningar um móðursystur sína Guðmundu S. Kristinsdóttur frá Miðengi. Viðurkenning úr sjóðnum er nú ein hæsta viðurkenning sem veitt er á sviði myndlistar á Íslandi.

á starfseminna. Í Ásmundarsafni eru verk Ásmundar Sveinssonar aðgengileg í einstakri safnbyggingu sem er í raun sjálfstætt listaverk og kennileiti í borginni. Safnið, í þessum þremur safnbyggingum, er lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynna fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð.

### Ein og hálf milljón gesta

Á þeim 20 árum sem liðin eru frá opnun safnsins í Hafnarhúsi hefur meira en 1,5 milljón manna sótt þar sýningar og viðburði. Aðsókn hefur aukist jafnt og þétt og hefur á síðustu árum farið yfir 100.000 gesti árlega. Safnið hefur starfað með meira en 200 listamönnum, innlendum og erlendum, að sýningum á listaverkum sem mörg hver komu þar fyrir almenningsgjónir í fyrsta sinn. Settar hafa verið upp eftirminnilegar sýningar sem bæði hafa hlotið mikla umfjöllun og gríðarlega aðsókn en líka mikilvægar sýningar sem farið hafa lægra en skipt miklu máli í samhengi myndlistarinnar.

### Vettvangur nýsköpunar

Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi er vettvangur nýsköpunar í myndlist. Þar eru gerðar tilraunir með nýja miðla, rýmið er listamönnum áskoron og þar eru hugmyndir hlutgerðar með eftirtektarverðum hætti. Gestir safnsins hafa fundið þar vettvang sem bæði nærir og oft ögrar en líka mikilvægan viðkomustað í vaxandi miðborg.

### Allir tvítugir fá árskort að gjöf

Til þess að halda upp á 20 ára afmælið á þessum fordæmalausu tímum höfum við ákveðið að gefa öllum tvítugum Reykvíkingum, fæddum árið 2000, árskort í Listasafn Reykjavíkur og geta þeir sótt kortin sín í Hafnarhúsið fram til 19. apríl sem er formlegur afmælisdagur hússins sem listasafns. Til hamingju með 20 ár í Hafnarhúsi.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

## SKEMMTILEGAR BÆKUR!



Einstök lífsreynslusaga þar sem bjartsýni og húmor skína í gegn.



Getur feitt fólk fylgst grannt með fréttum?



Hér stígur hver snillingurinn af öðrum fram í sviðsljósið og útkoman er bæði bráðfyndin og fræðandi.

Bókaútgáfan Hólar  
holabok.is / holar@holabok.is

*Gledilega hátíð og heillarárikt nýtt ár!*

Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða  
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða





# ÞÚ LEGGUR ÞESSAR EKKI FRÁ ÞÉR!



**„Heldur lesandanum á tánum  
á hverri einustu blaðsíðu.“**

Ragnhildur Þrastardóttir, Morgunblaðinu



**„Textinn er lipur og bókin  
heldur vel athyglinni  
... Mæli með henni.“**

Helga Ósk Hreinsdóttir, bóksali



**„Þessi satíríska ærslasaga úr  
sam tímanum fær mig bæði  
til að langa í tikka masala og  
fleiri sögur um ást á  
pöbbum.“**

DÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR

**„Ég öskurhló oft!“**

Kamilla Einarsdóttir rithöfundur

**„Ótrúlega  
skemmtileg!“**

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur





## AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



WWW.ASWGROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

# Frosti í samkomubanni

- samfélagsmiðill og félagsstarf utandyra

Síðustu mánuðir hafa verið óvenjulegir í starfi félagsmiðstöðvarinnar Frosti. Í samkomubanni þurfti að endurhugsa starfið í Frosti og skipuleggja það upp á nýtt. Í byrjun skólaárs var hægt að halda úti hefðbundnu starfi en fljótlega þurfti að hólfaskipta nemendum Hagaskóla eftir árgöngum. Í samkomubanni hefur Frosti ekki getað boðið unglingum Vesturbæjar að koma í húsakynni sín í Tjörninni en hefur hins vegar verið með starfrænar opnanir á fjarskiptaforritinu og samfélagsmiðlinum Discord. Þar hefur verið mikið fjör og hefur í raun verið opnuð félagsmiðstöð á veraldarvefnum.

Þarna nær starfsfólk og unglingar að gera flest allt sem væri annars á dagskrá í Frosti. Það er búið að spila saman borðspil, tölvuleiki, spjalla um allt milli himins og jarðar og það hefur meira að segja verið bakað saman, þar hefur starfsfólk Frosti keyrt pakka heim að dyrum með þeim hráefnum sem þarf til í baksturinn hverju sinni.

Tíu til tólf ára starfið hefur einnig verið stafrænt þar sem Frosti hefur sett efni á heimasíðu sína sem börnin geta nýtt sér til dægrastyttingar. Í nýjustu breytingu á reglugerð stjórnvalda kemur þó fram að leyfilegt sé að vera með félagsmiðstöðvastarf utandyra og er það nákvæmlega það sem Frosti hefur gert. Frosti fagnar því ákafst að fá að hitta börnin aftur í persónu þó að það sé úti en vonandi er hægt að færa starfið aftur inn sem allra fyrst.



Félagsstarf hefur farið fram utandyra á vegum Frosti.

# Tálgað í Grandaskóla



Skemmtilegar figúrur sem nemendur þriðja bekkjar hafa tálgað.

Nemendur í þriðja bekk Grandaskóla hafa verið að læra að tálga hjá smíðakennara sínum. Afraksturinn varð að skemmtilegum figúrum sem nemendur tálguðu og skreyttu svo að vild.

Á meðan reglugerð um takmörkun á skólastarfi hefur verið í gildi hafa kennarar og nemendur verið að vinna að ýmis konar skemmtilegum verkefnum.

Smíðakennari hefur verið að vinna með nemendum 3. bekkjar við tálgun.

Í 2. bekk hafa nemendur verið að vinna með fiskapema. Búið er að setja upp „fiskabúr“ í anddyri aðalinngangs skólans þar sem má sjá leirverk, myndir og óróa allt í fiskapema. Við hvetjum ykkur til að kíkja á gluggana ef þið eigið leið framhjá. Í 5. bekk hafa nemendur fengið við kertagerð. Allir nemendur fengu að útbúa sitt eigið kerti sem þau lærðu að útbúa frá grunni.

## Landakotsskóli

### 7. bekkur hæstur á samræmdum

Sjöundi bekkur í Landakotsskóla var hæstur yfir landið á samræmdum prófum í stærðfræði og íslensku.

Í frétt frá skólanum segir að mörgum þyki erfitt að átta sig á hæfnieinkunn í samræmdum prófum. Þar er einkunnum nemenda raðað frá 0 til 100 og meðaltalið þá 50. Nemendum í 4. bekk gekk líka ágætlega og voru þau yfir landsmeðaltali.



Sjöundi bekkur í Landakotsskóla.

GETRAUNANÚMÉR KR

107


1X2  
GETRAUNIR.IS

Árbæjarsafn

Verið velkomin á Árbæjarsafn á aðventunni

Engin jóladagskrá í ár vegna COVID-19.

www.borgarsafn.is



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



# Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVAEMUR KOSTUR  
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



---

**zonnic®** TAKTU STJÓRNINA!

---

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.



# „Ég biðst afsökunar“

- eftir Sólveigu Pálsdóttur

Fyrir skömmu kom út bókinn **Klettaborgin** eftir Sólveigu Pálsdóttur rithöfund. Bókin geymir minningarsögur hennar, m.a. úr Vesturbænum, en Sólveig er alin upp á Kvisthaga. **Klettaborgin** hefur fengið þá umsógn að vera einlæg, falleg, skemmtileg og fræðandi. Vesturbæjarblaðið fékk leyfi til að birta einn og hálfan kafla úr bókinni.

## „Ég biðst afsökunar“

Einn dag snemma vors, þegar ég var komin á fimmtánda ár og nemandi í Hagaskóla, stálumst við nokkrir nemendur eitt sinn sem oftast í frímínútum eða í hádeginu út í litla verslun sem var til húsa í lítið niðurgröfnum kjallara við Furumel. Ég var fyrst til að fá afgreiðslu og keypti appelsín sem ég drakk í gegnum lakkrisrör eða öllu heldur þambaði til að ná að skila glerinu aftur í búðina og hlaupa til baka áður en hringt var inn. Þar sem ég gekk um stéttina með gosið og beið eftir hinum sá ég að fólk hafði safnast saman á litlu túni framan við Víðimel, sunnan við Hringbraut 45.

Ég vissi að Þórbergur átti heima í þessari blokk og mig grunaði að mannsöfnuðurinn tengdist honum. Kannski var hann dáinn? Án þess að láta vini mína vita hljóp ég af stað. Mér

varð strax ljóst að þetta var hátíð en ekki sorgarstund því að innan skamms kvað við lúðrablastur og heil skrúðganga bættist í hópinn. Mannfjöldinn var kominn til að fagna 85 ára afmæli skáldsins og þau hjónin komu út á svalir og veifuðu fólkinu. Ég stóð þarna á túninu fullkomlega heilluð. Þórbergur var ein af stjörnum lífs míns og sá eini sem jafnaðist á við hann var Stevie Wonder.

Ég held að ég hafi misst af einni og hálfri kennslustund. Síðustu tveir tímarnir voru handavinna sem ég sá lítið eftir. Samt var kennarinn ágætur og verkefnið mun skynsamlegri en þau sem við vorum látnar vinna í Melaskóla. Við lærðum á saumavélar og fengum að sauma á okkur gallapils sem voru í skárra lagi. En í síðasta tíma fyrir Þórbergsafmælið hafði hugur minn verið allt annars staðar og ég þess vegna saumað saman þann hluta á pilsinu sem á að vera opinn fyrir fætturna. Ég mun aldrei gleyma augnaráðinu sem kennarinn sendi mér og nú hafði ég sem sé bætt um betur og skrúpað í tíma.

Ég bankaði á dyrnar sem voru opnaðar eftir nokkra stund. Saumakennaraugu horfðu ásakandi á mig.

„Afsakaðu, hvað ég er sein,“ sagði ég.

„Sein? Þetta kallast skrúpa!“

„Ég biðst afsökunar.“

„Hvar varstu?“

Ég tafsaði eitthvað um Þórberg Þórðarson en uppskar aðeins enn undarlegra augnaráð en ég hafði fengið vikunni áður. Það fór ekki á milli mála að hún áleit mig eitthvað einkennilega.

„Upp til skólastjóra með þig, beinustu leið.“

Þetta var í fyrsta og eina skiptið á allri minni skólagöngu sem ég fékk slíka refsingu. Ég drattaðist upp á aðra hæð skólans og lét vita af mér á skrifstofunni. Mér var sagt að biða frammi þar til kallað yrði á mig. Það leið dágóð stund og mér leið hreint ekki vel.

## Að tilheyra ekki

Eftir langa setu á skrifstofuganginum opnaði Björn skólastjóri loks dyrnar og vísaði mér inn. Jakkafötin höfðu aldrei farið honum jafn fullkomlega, hárið á honum ekki verið jafn stífgreitt, gleraugun aldrei beinni á nefinu eða slaufan oddhvassari. Pungur á brún sagði hann mér að setjast. Sjálfur fékk hann sér sæti við veglegt skrifborð.

„Hvað hefur þú þér til málsbóta?“

Ég hikaði. Horfði út og suður. Hverju átti ég að ljúga að honum? Gat ég sagst hafa meitt mig? Nei, varla. Ég hafði gengið óhölt inn um dyrnar og var hvergi með sár. Hvað átti ég að segja?



Sólveigu Pálsdóttur rithöfundur.



Kápa bókarinnar Klettaborgin.

Þetta var svo asnalegt að líklega myndi hann aldrei trúna mér en í einhverju stresskasti lét ég vaða. Sagði sannleikann. Að ég hefði stólist út í búð, séð allt þetta fólk og komist að því að meistari Þórbergur ætti afmæli. Það voru ræður, sungið og mikið klappað og ... og ... og ég bara gleymdi mér ...

Björn horfði út um gluggann. Skóladagurinn var búinn og nemandur streymdu út á stéttina fyrir utan. Stelpur og strákar með axlarsítt hár og útkrotaðar gráar hliðartöskur úr striga hangandi yfir öxlina, á mörgum þeirra var stórt „peace“-merki. Skólastjórinn stóð upp, togaði í

jakkann og lagfærði slaufuna án þess að þyrfti. Svo rétti hann mér höndina.

„Ég hef heyrt ýmislegt verra en þetta,“ sagði hann og brosti út í annað.

Í næsta handavinnutíma laumaðist ég til að kíkja í kladdann, þegar kennarinn sá ekki til, og sá þá að búíð var að breyta stóra S-inu, sem stóð fyrir skrúpa, í M fyrir mætingu.

(Klettaborgin bls.172 -175)

# 787

hugmyndir hafa orðið að veruleika

Sendu inn  
þína hugmynd  
á hverfidmitt.is







# FLUGELDASALA Í KR HEIMILINU

---

Opið 28,29 og 30.des  
til kl. 22.00

Á gamlársdag er  
opið til kl. 16.00



# Þú færð KR-vörurnar hjá okkur!

Óskum KR-ingum og öllum  
Vesturbæingum gleðilegra jóla.

## Jói útherji

www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108  
S: 588 1560



Netverslun:  
systrasamlagid.is

## Basarinn í Austurveri

# Verslun sem vert er að heimsækja

Í Austurveri við Háaleitisbraut er vel falið leyndarmál. Það er bráðsmellinn nytjamarcaður, Basar Kristniboðssambandsins sem rekinn er til fjáröflunar fyrir starf þess. Hreyfingin hefur starfað í Eþíópíu síðan 1956 og Kenía 1978.

Á þessum árum hafa verið byggðir fjölmargir skólar og heimavistir, auk þess sem ýmis þróunarverkefni hafa verið styrkt. Kristniboðssambandið er einnig með starf í Japan auk þess sem það starfar á Íslandi. Markaðurinn er rúmlega 10 ára gamall. Hann var opnaður á Grensásvegi en flutti í húsnæði Landsbankans í Austurveri, 2011 og verið þar síðan. Á Basarnum er einn launaður starfsmaður, öll önnur störf eru í höndum sjálfbóðaliða. Án aðkomu þeirra væri rekstur

verslunarinnar mjög erfiður og kostnaðarsamur.

Á Basarnum fæst hreinlega „allskonar“ notaður fatnaður, bækur af betri gerðinni, falleg gjafa- og skrautvara, safngripir af ótrúlegustu gerðum og ýmis borðbúnaður. Versluninni er skipt niður; þannig er fatnaður sér, sömuleiðis gjafavaran og bækurnar sér. Nú er jólavertíðin og fæst skemmtilegt og fallett jólaskraut og munir á hagstæðu verði. Stolt og prýði markaðsins er þó fólgið í bóksölu. Allar bækur eru flokkaðar og þeim raðað eftir höfundarnafni. Það auðveldar aðgengi og leit að bókum. Verðmætari og sjaldgæfar bækur eru svo í sér hillum. Besta endurvinnslan er fólgin í endurnýtingu. Með því að gefa eða kaupa muni á Basarnum, styrkjum við gott málefni um leið og við endurnýtum þá.



Svavar Björnsson og Karl Jónas Gíslason taka vel á móti viðskiptavinum, hvort sem þeir kaupa eða koma færandi hendi.



Ótrúlegt úrval allskonar muna má finna á Basarnum.

# KRAFTMIKLIR KAPPAR

Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari.  
Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.



FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARVEITANNA

Notum alltaf flugeldagleraugu,  
bæði börn og fullorðnir



**BJÖRGUNARVEITIN ÁRSÆLL**  
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES  
VIÐ SUÐURSTRÖND

**SIYSSVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG**



# COVID-aðventan

- eftir séra Sigurð Árna Þórðarson

Aðventan þetta árið er öðru vísi en venjulega. Fámennisfundir og fásinni. Allt er grisjað. Hvernig getum við brugðist við veiruálögunum? Ætlum við að lifa í neikvæðni og nöldra vegna þess sem við njótum ekki eða megum ekki gera það sem við erum von? Er þetta bara ömurlegur tími eða er hægt að nýta hann til eflingar? Er jafnvel gæfulegast að bregðast við skrítnum aðstæðum með skapandi hætti? Á þessari aðventu sleppum við því hefðbundna. Við förum ekki eða gerum það sem við erum von á þessum tíma. En við getum þá gert eitthvað nýtt. COVID-aðventan opnar og veitir tækifæri.



Þessi litla heklaða mynd táknað jól í Hallgrímskirkju að þessu sinni.

Í kristinni, vestrænni hefð hefur tíminn fyrir jól ekki aðeins verið annatími við ytri undirbúning hátíðar, heldur verið tími sálarinnar. Jólafastan var ekki aðeins pirrandi svengdartími heldur notuð til að skerpa innri mann. Tími til að kjarna tilveruna, greina að hið mikilvæga og léttvæga. Aðventan var tími núllstillingar og endurmats til að hægt væri að taka á móti gjöfum framtíðar.

Aðstæður fólks eru mismunandi og verkefni

líka. Í kreppum eru þó alltaf einhver tækifæri. Jafnvel í sorgarefnum eru vaxtarverkefni. Aðventan er tíminn til að endurskoða hamingjubókhalda okkar og setja ný markmið. Verkefnið er að gera upp við hið liðna og opna. Orðið aðventa er komið af latneska orðinu „adventus“. Það merkir koma, að eitthvað kemur. Á COVID-aðventu megum við vona að álögin falli og að jólin komi þrátt fyrir allt. Hvers væntir þú? Nýs tíma og opinnar framtíðar?

## Flottir skór sem fara vel í jólapakka



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



www.kr.is




Þjóðminjasafni





**BYKO**



skógræktin

Íslensk sígræn  
**Stafa-  
fura** ❄️  
frá Skógræktinni

Trén eru ræktuð **án eitrefna**,  
enginn áburður er notaður við  
ræktun fyrir utan 10-15g á  
hvert tré við gróðursetningu.  
Flutningsleiðin er stutt  
og er stafafuran því mun  
**umhverfissvænni kostur**  
en innflutt tré. Að minnsta  
kosti 10 tré eru ræktuð í stað  
hvers trés sem fellt er sem  
jólátré.

Stafafura er vinsælasta  
íslenska jólátréð og er  
einstaklega barrheldin  
og ilmandi. ❄️

Fæst í  
öllum  
verslunum  
BYKO

Allar  
jólavörur  
**20%**  
afsláttur ❄️ ❄️ ❄️ ❄️

**Jólaskraut, gervitré, Lemax vörur,  
jólaseríur og -ljós** (\*ekki lifandi jólátré)

**Mannbroddar**

Mannbroddar fyrir  
hálfu og ís.

**2.155**

84533870



Öll leikföng  
**20%**  
afsláttur

**Við höfum bætt  
fleiri vörum í jóla-  
gjafahandbókina**

Þú finnur hana á [byko.is](http://byko.is)

**Nýtt**



**Reybskynjarar  
og slökkvitæki  
í miklu úrvali**



**Þú færð  
eldiviðinn  
hjá okkur**



**BYKO  
GRANDI**  
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Verslaðu á netinu á [byko.is](http://byko.is)

